

Yfirlýsing ráðsins og þingsins vegna 1. mgr. 6. gr.

Ráðið og þingið vekja athygli á því að framkvæmdastjórnin mun kanna hvort mögulegt og æskilegt sé að samhæfa aðferðina við að reikna út umþóttunartímann í núgildandi löggjöf um neytendavernd, einkum tilskipun 85/577/EBE frá 20. desember 1985 um að vernda neytendur þegar samningar eru gerðir utan fastra starfsstöðva („sala við húsdýr eða í heimahúsum“) (1).

Yfirlýsing framkvæmdastjórnarinnar vegna fyrsta undirliðar 1. mgr. 3. gr.

Framkvæmdastjórnin viðurkennir mikilvægi þess að vernda neytendur í tengslum við fjarsölusamninga sem tengjast fjármálaþjónustu og hefur gefið út grænbók sem ber heitið: „Fjármálaþjónusta: Komið til móts við væntingar neytenda“. Í ljósi viðbragðanna, sem grænbókin hefur vakið, mun framkvæmdastjórnin kanna leiðir til að taka neytendavernd inn í stefnuna í málum er varða fjármálaþjónustu og hugsanlegar lagalegar afleiðingar þess og gera viðeigandi tillögur ef þörf krefur.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/42/16

nr. 16/98
frá 6. mars 1998

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/97 frá 28. nóvember 1997⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/283/EB frá 21. apríl 1997 um samræmdar mælingaraðferðir til að ákvarða massastyrk díoxína og fúrana í útblæstri í samræmi við 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 94/67/EB um brennslu hættulegs úrgangs⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 21b (tilskipun ráðsins 94/67/EB) í XX. viðauka við samninginn:

21c. **397 D 0283:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/283/EB frá 21. apríl 1997 um samræmdar mælingaraðferðir til að ákvarða massastyrk díoxína og fúrana í útblæstri í samræmi við 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 94/67/EB um brennslu hættulegs úrgangs (Stjtfö. EB nr. L 113, 30. 4. 1997, bls. 11).“.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 97/283/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. mars 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 6. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

F. Barbato

⁽¹⁾ Stjtfö. EB nr. L 193, 9.7.1998, bls. 53 og EES-viðbætur við Stjtfö. EB nr. 27, 9. 7. 1998, bls. 83.

⁽²⁾ Stjtfö. EB nr. L 113, 30. 4. 1997, bls. 11.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**frá 21. apríl 1997****um samræmdar mælingaraðferðir til að ákvarða massastyrk díoxína og fúrana í útblæstri í samræmi við 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 94/67/EB um brennslu hættulegs úrgangs(*)**

(97/283/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 94/67/EB frá 31. desember 1994 um brennslu hættulegs úrgangs⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 94/67/EB ber að gera samræmdar mælingaraðferðir um heildarstyrk díoxína og fúrana í útblæstri aðgengilegar á vettvangi bandalagsins í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 16. gr.

Til að sinna þessu verkefni nýtur framkvæmdastjórnin aðstoðar nefndarinnar sem komið var á fót samkvæmt 16. gr. tilskipunar 94/67/EB.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit þeirrar nefndar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:**1. gr.**

Samræmdu mælingaraðferðirnar sem um getur í 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 94/67/EB skulu vera mælingaraðferðir pr EN 1948 (júní 1996) „kyrrstæður gjafi útblásturs: ákvörðun massastyrks fjöklóraðra díbensódíoxína (PCDD) og fjöklóraðra díbensófúrana (PCDF), 1. hluti - sýnataka, 2. hluti - skiljun og hreinsun, 3. hluti – auðkenning og mæling“ sem voru lagðar fram af Staðlasamtökum Evrópu (CEN) til að ákvarða massastyrk díoxína og fúrana í útblæstri. Framangreind tilvísun pr EN 1948 (júní 1996) verður EN 1948 við lokasamþykkt CEN.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. apríl 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ritt BJERREGAARD

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 113, 30. 4. 1997, bls. 11, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 365, 31. 12. 1994, bls. 34.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/42/17

nr. 17/98
frá 6. mars 1998

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslur)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**2. gr.**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21 mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn⁽¹⁾.

Til að viðhalda einsleitni samningsins á sviði hagskýrslna og til að tryggja vinnslu og dreifingu á samfelldum og sambærilegum tölfræðilegum upplýsingum í þeim tilgangi að skýra og fylgjast með öllum efnahagslegum, félagslegum og umhverfisfræðilegum þáttum Evrópska efnahagssvæðisins, sem máli skipta, er nauðsynlegt að taka upp í XXI. viðauka við samninginn nokkra löggerninga sem voru samþykktir af Evrópubandalaginu á þeim tíma sem liðið hefur frá því síðustu breytingar voru gerðar á XXI. viðauka.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**1. gr.**

XXI. viðauka við samninginn skal breytt eins og tilgreint er í viðauka við þessa ákvörðun:

Gjört í Brussel 6. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

F. Barbato

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 95/64/EB⁽²⁾, tilskipunar ráðsins 95/57/EB⁽³⁾, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1172/95⁽⁴⁾, reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/96⁽⁵⁾, reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 840/96⁽⁶⁾, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2744/95⁽⁷⁾, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95⁽⁸⁾, ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 96/14/EB⁽⁹⁾, ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 96/170/EB⁽¹⁰⁾, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 959/93⁽¹¹⁾, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2597/95⁽¹²⁾ og reglugerðar ráðsins (EB) nr. 788/96⁽¹³⁾, á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. mars 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjttö. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjttö. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttö. EB nr. L 320, 30. 12. 1995, bls. 25.

⁽³⁾ Stjttö. EB nr. L 291, 6. 12. 1995, bls. 32.

⁽⁴⁾ Stjttö. EB nr. L 118, 25. 5. 1995, bls. 10.

⁽⁵⁾ Stjttö. EB nr. L 14, 19. 1. 1996, bls. 6.

⁽⁶⁾ Stjttö. EB nr. L 114, 8. 5. 1996, bls. 7.

⁽⁷⁾ Stjttö. EB nr. L 287, 30. 11. 1995, bls. 3.

⁽⁸⁾ Stjttö. EB nr. L 257, 27. 10. 1995, bls. 1.

⁽⁹⁾ Stjttö. EB nr. L 4, 6. 1. 1996, bls. 14.

⁽¹⁰⁾ Stjttö. EB nr. L 47, 24. 2. 1996, bls. 23.

⁽¹¹⁾ Stjttö. EB nr. L 98, 24. 4. 1993, bls. 1.

⁽¹²⁾ Stjttö. EB nr. L 270, 13. 11. 1995, bls. 1.

⁽¹³⁾ Stjttö. EB nr. L 108, 1. 5. 1996, bls. 1.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/98

XXI.VIÐAUKA við EES-samninginn (HAGSKÝRSLUR) skal breytt sem hér segir:

A. FLUTNINGASKÝRSLUR

Fyrirsögnin „Flutninga- og ferðamálastýrslur” komi í stað fyrirsagnarinnar „Flutningaskýrslur”. Eftirfarandi nýir liðir komi undir þessari fyrirsögn aftan við lið 7a (ákvörðun ráðsins 93/704/EB):

„7b. **395 L 0064**: Tilskipun ráðsins 95/64/EB, KBE frá 8. desember 1995 um gerð hagskýrslna í tengslum við vöru- og farþegaflutninga á sjó (Stjttíð. EB nr. L 320, 30. 12. 1995, bls. 25).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a. Í 2. mgr. 10. gr. bætist eftirfarandi undirliður við á eftir „- gögnum um þjóðerni sjóflutningsaðilans“:

„- afgreiðslu og skýrslum frá litlum höfnum (ekki völdum höfnum)“;

b. Í V. viðauka bætist eftirfarandi við á eftir færslunni Frönsk yfirráðasvæði í Suður-Íshafi:

0281 Noregur

0282 Noregur (NIS) Alþjóðleg skipaskrá fyrir Noreg.

7c. **395 L 0057**: Tilskipun ráðsins 95/57/EB frá 23. nóvember 1995 um söfnun tölfraðilegra upplýsinga á sviði ferðaþjónustu (Stjttíð. EB nr. L 291, 6. 12. 1995, bls. 32).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) EFTA-ríkin eru ekki skyldug til að sundurliða upplýsingar eftir landshlutum eins og tilgreint er í 6. gr.;

b) Liechtenstein er undanþegið öflun upplýsinga sem krafist er í C-hluta í viðauka við tilskipunina.“

B. VERSLUNARSKÝRSLUR

1. Fyrirsögnin „Skýrslur um utanríkisverslun” komi í stað fyrirsagnarinnar „Verslunarskýrslur”.

2. Í stað 8. liðar komi eftirfarandi:

„8. **395 R 1172**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/95 frá 22. maí 1995 um hagskýrslur um vöruviðskipti milli bandalagsins og aðildarríkjanna við lönd utan bandalagsins (Stjttíð. EB nr. L 118, 25. 5. 1995, bls. 10).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í 1. og 2. gr. er litið á að „lönd utan bandalagsins“ merki öll önnur lönd en þau sem gefa skýrslu;

b) Í stað textans í 3. gr. komi eftirfarandi:

„1. Hagskýrslusvæði EES skal í grundvallaratriðum ná yfir tollsvæði samningsaðila. Samningsaðilum ber að skilgreina hagskýrslusvæði sín samkvæmt því.

2. Hagskýrslusvæði bandalagsins skal ná yfir tollsvæði bandalagsins eins og það er skilgreint í 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2913/92.
 3. Hagskýrslusvæði EFTA-ríkjanna skal ná yfir tollsvæði þeirra. Hagskýrslusvæði Noregs skal þó ná yfir eyjaklasann Svalbarða og eyjuna Jan Mayen.
- c) Flokkunin sem um getur í 2. mgr. 8. gr. skal gerð að minnsta kosti niður í sex fyrstu stafina.
- d) h-liður 1. mgr. 10. gr. gildir ekki.”
3. Í stað 9. liðar komi eftirfarandi:
- „9. **396 R 0068:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/96 frá 18. janúar 1996 um landaflokkun í hagskýrslum um utanríkisverslun bandalagsins og viðskipti milli aðildarríkja þess (Stjtið. EB nr. L 14, 19. 1. 1996, bls. 6).”
4. Í stað 10. liðar komi eftirfarandi:
- „10. **396 R 0840:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 840/96 frá 7. maí 1996 um tiltekin ákvæði til framkvæmdar reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/95 að því er varðar hagskýrslur um utanríkisverslun (Stjtið. EB nr. L 114, 8. 5. 1996, bls. 7).
- Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:
- a) Tilvísunin í reglugerð (EB) nr. 2454/96 í 1. mgr. 6. gr. gildir ekki;
 - b) Eftirfarandi ný undirgrein bætist við a-lið 1. mgr. 7. gr.:
- „Að því er EFTA-ríkin varðar er „upprunaland” það land sem vörurnar eru frá samkvæmt upprunareglum hvers þeirra;
- c) Eftirfarandi ný undirgrein bætist við 2. mgr. 9. gr.:
- „Að því er EFTA-ríkin varðar skal „tollvirði” skilgreint samkvæmt landslögum hvers þeirra;
- d) 2. mgr. 11. gr. gildir ekki;
 - e) 2. þáttur (16.-19. gr.) gildir ekki.
5. Texti eftirfarandi liða falli niður:
- 11. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3345/80),
 - 12. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 200/83),
 - 13. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3367/87),
 - 14. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3522/87),
 - 15. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3678/87) og
 - 16. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 455/88).

C. MANNFJÖLDA- OG FÉLAGSMÁLASKÝRSLUR

Eftirfarandi nýr liður komi aftan við lið 18a (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3711/91):

„18b. **395 R 2744:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2744/95 frá 27. nóvember 1995 um hagskýrslur um launakerfi og dreifingu tekna (Stjttíð. EB nr. L 287, 30. 11. 1995, bls. 3).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í viðaukanum bætist eftirfarandi við undir „I. Undanþágur frá viðmiðunartímabilinu”, á eftir „2. Fyrir Austurríki”:

„3. Fyrir Ísland: fjárhagsárið 1997, að því tilskildu að það leggi fram mat fyrir viðmiðunarárið 1996;

4. Fyrir Noreg: fjárhagsárið 1996 og samsvarandi dæmigerður mánuður“;

b) Í viðaukanum bætist eftirfarandi við undir „II. Undanþágur frá gildissviði könnunarinnar”, á eftir „3. Fyrir Írland”:

„4. Fyrir Ísland: H-, J- og K-þáttur;

5. Fyrir Noreg: H-þáttur“;

c) EFTA-ríkin eru ekki skyldug til að sundurliða upplýsingar eftir landshlutum eins og krafist er í 1. og 7. mgr. 5. gr.

d) Liechtenstein er undanþegið öflun upplýsinga sem krafist er í þessari reglugerð.”

D. ÞJÓÐHAGSREIKNINGAR – VERG LANDSFRAMLEIÐSLA

1. Fyrirsögnin „Hagtölur” komi í stað fyrirsagnarinnar „Þjóðhagsreikningar – verg landsframleiðsla”. Eftirfarandi nýr liður komi undir þessari fyrirsögn aftan við 19. lið (tilskipun ráðsins 89/130/EBE, KBE):

„19a. **395 R 2494:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 frá 23. október 1995 um samræmdar vísitölur neysluverðs (Stjttíð. EB nr. L 257, 27. 10. 1995, bls. 1).

Að því er varðar EFTA-ríkin gildir reglugerðin um samræmdar vísitölur neysluverðs til alþjóðlegs samanburðar. Við útreikning á samræmdum vísitölum neysluverðs í sambandi við Efnahags- og myntbandalagið skiptir hún ekki máli.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) c-liður 2. gr., sem og tilvísanir til samræmdrar vísitölu neysluverðs myntbandalagsins (MUICP) í 1. mgr. 8. og 11. gr. gilda ekki;

b) a-liður 1. mgr. 5. gr. gildir ekki.

c) 2. mgr. 5. gr. gildir ekki.

d) Ekki er þörf á samráði við Peningamálastofnun Evrópu eins og tilgreint er í 3. mgr. 5. gr.

e) Liechtenstein er undanþegið öflun upplýsinga sem krafist er í þessari reglugerð.”

E. LANDBÚNAÐARSKÝRSLUR

1. Í 23. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88) komi eftirfarandi í stað annars undirliðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/156/EBE)

„- **396 D 0014:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/14/EB frá 19. desember 1995 (Stjtið. EB nr. L 4, 6. 1. 1996, bls. 14), ásamt eftirfarandi færslum sem bætast við í 2. gr. á eftir Svþjóð:

Ísland 30. nóvember 1996
Noregur 30. nóvember 1996

- **396 D 0170:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/170/EB frá 15. febrúar 1996 (Stjtið. EB nr. L 47, 24. 2. 1996, bls. 23).”

2. Í 23. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88) komi eftirfarandi í stað aðlögunarliðar c):

„Í stað tilvísunarinnar í 2. mgr. 8. gr. í „ákvörðun 83/461/EBE, eins og henni var breytt með ákvörðun 85/622/EBE og 85/643/EBE“ komi tilvísun í „ákvörðun 89/65/EBE og ákvörðun 96/170/EB“. Tvær nýjar neðanmálgreinar bætast við neðst á síðunni: „Stjtið. EB nr. L 391, 30. 12. 1989, bls. 1“ og „Stjtið. EB nr. L 47, 24. 2. 1996, bls. 23“.

3. Í 23. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88) komi eftirfarandi í stað aðlögunarliðar e):

e) Í I. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/170/EB er viðeigandi neðanmálgreinum bætt við til marks um að eftirfarandi breytur séu valfrjálssar fyrir tiltekin ríki:

B.02: Valfrjálst fyrir Ísland
C.03: Valfrjálst fyrir Ísland
D.14(a): Valfrjálst fyrir Ísland og Noreg
D.14(b): Valfrjálst fyrir Ísland og Noreg
D.16: Valfrjálst fyrir Ísland og Noreg
E: Valfrjálst fyrir Ísland og Noreg
G.05: Valfrjálst fyrir Ísland og Noreg
G.06: Valfrjálst fyrir Ísland og Noreg
G.07: Valfrjálst fyrir Ísland og Noreg
I.01: Valfrjálst fyrir Noreg
I.02: Valfrjálst fyrir Noreg
I.07(b): Upplýsingar um getu valfrjálssar fyrir Ísland og Noreg.
I.08: Valfrjálst fyrir Ísland og Noreg
J.03: Valfrjálst fyrir Ísland
J.04: Valfrjálst fyrir Ísland
J.11: Sundurliðun í grísi, gyltur til undaneldis og önnur svín er valfrjálss fyrir Ísland.
J.12: Sundurliðun í grísi, gyltur til undaneldis og önnur svín er valfrjálss fyrir Ísland.
J.13: Sundurliðun í grísi, gyltur til undaneldis og önnur svín er valfrjálss fyrir Ísland.
J.16: Valfrjálst fyrir Ísland og Noreg
J.17: Valfrjálst fyrir Ísland og Noreg
K: Valfrjálst fyrir Ísland
L: Ísland má láta í té þær upplýsingar sem taflan sýnir í samandregnara formi en þar greinir.”

4. Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 24. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 837/90):

„24a. **393 R 0959:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 959/93 frá 5. apríl 1993 um tölfraðilegar upplýsingar sem aðildarríkjunum ber að skila um aðrar ræktunaraferðir en korn (Stjtfð. EB nr. L 98, 24. 4. 1993, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í VI. viðauka bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Breska konungsríkið:

„Ísland: -
Noregur: -“;

b) Í VIII. viðauka bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Breska konungsríkið:

Krónos-númer	Aðalræktunarland eða skráð svæði	IS	N
1300	B. Þurrkaðar belgjurtir	-	-
1320	Gráertur	-	-
1311	Aðrar þurrkaðar ertur	-	-
1335	Breiðbaunir og hestabaunir (þar með talið 1338)	-	-
1331	Nýrnabaunir	-	-
1343	Úlfabaunir	-	-
1341			
1342	Aðrar þurrkaðar belgjurtir	-	-
1349			
1350	C. Rótarávextir	.	.
1360	Kartöflur	.	.
1370	Sykurrófur	-	-
1381	Fóðursykurrófur	-	-
1382	Aðrir rótarávextir	-	m
1400	D. Iðnaðarplöntur	.	.
1420	Reppja og arfanæpa	m	.
1430	Sólblómafræ	-	-
1470	Sojabaunir	-	-
1460 + 1520	Trefjalín og línfræ	-	-
1490 + 1540	Spunabaðmull og baðmullarfræ	-	-
1480 (þar með talið 1490)	Önnur olíuauðug fræ (t.d. valmúafrae, sinnepsfræ, sesamfræ, o.s.frv.)	-	-
1530	Hampur	-	-
1550	Tóbak	-	-
1560	Humall	-	-
1570 - 1571	Aðrar iðnaðarplöntur	-	-
2600	E. Allar fóðurjurtir (af akurlandi)	.	.
2610	Grænfóður (af akurlandi)	.	.
2625	Fóðurmaís	-	-
2680	Skammtímagrös og -beitarjurtir	.	.
2612			
2671			
2672			
2673	Annað grænfóður	.	.

1600 + 2260	F. Ferskt grænmeti	m	m
3001	G. Blóm og skrautjurtir	m	m
3310	H. Landsvæði þar sem frærækt fer fram	m	m
2696	I. Ósáð land, m.a. svæði með grænum áburði	m	m

c. Liechtenstein er undanþegið öflun upplýsinga sem krafist er í þessari reglugerð.”

F. FISKISKÝRSLUR

Eftirfarandi nýir liðir komi aftan við lið 25b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2018/93):

„25c. **395 R 2597**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2597/95 frá 23. október 1995 um að aðildarríki sem stunda fiskveiðar á tilteknum svæðum utan Norðvestur-Atlantshafs leggi fram aflaskýrslur (Stjtíð. EB nr. L 270, 13. 11. 1995, bls. 1),

25d. **396 R 0788**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 788/96 frá 22. apríl 1996 um skil aðildarríkjanna á hagtölum um afrakstur eldis og ræktunar í sjó og vatni (Stjtíð. EB nr. L 108, 1. 5. 1996, bls. 1).”